

EGGERT PÉTURSSON

Eggert Pétursson

17 Aug 2017 - 30 Sep 2017

Eggert Pétursson segir svo frá...

“Ég hafði ávallt þennan sal í huga þegar ég vann verkin á sýninguna, allt frá árinu 2011. Þá hafði ég unnið mörg verk út frá landsvæðinu í kringum sumarhúsið minn í Úthlíð og mest í hrauninu þar í kring. Reyndar var ég búinn að gefa út yfirlýsingu þess efnis að ég væri hættur að vinna með myndefni úr hrauninu þar. Ég hef nokkurn veginn staðið við það en þegar ég gekk lengra upp í hlíðarnar á Bjarnarfelli þá fann ég gil og skorninga sem mér fundust spennandi. Ég skoðaði gróðurinn í þeim og fann hvernig hvert þeirra hafði sinn karakter. Sumarið 2011 var ég þegar búinn að kortleggja hvert gil og ná að fanga liti, birtu og þær plöntur sem eru í hverju og einu. Alls urðu þessi verk sex talsins og tvö þeirra eru á sýningunni nú auk eins málverks sem er eins konar endurkoma í veröld hraunsins, en ekki í Úthlíð heldur í hrauninu í Herdísarvík sem er ríkt af margs konar burknum.

Ég hef lent í því þegar verið er að prenta verk mín á bók, að þá snúa þau stundum vitlaust. Ég fór í framhaldinu að hugsa hvort ég gæti ekki málað myndir sem gætu snúið hvernig sem er. Myndirnar úr giljunum eru í raun loftmyndir og í stað þess að ímynda sér að eitthvað sé upp og annað niður, þá árita ég þær á baki í hring og set inn höfuðáttirnar, norður, suður, austur og vestur. Þannig er engin ein leið rétt til að hengja upp verkið, eða til þess að nálgast það og upplifa.

Ég er í raun að búa til aðstæður til listrænnar upplifunar án þess að skipa fyrir. Í giljunum er rennsli niður hlíðina, um verkið flæðir bæði vatn og birta. Úr fjarlægð gætu verkin skilist sem landakort, þótt blómin séu í raun stærð. Ég hef í raun leyst allt saman upp og veit ekki alltaf hvort ég er að mála steininn, vatnið, blómin eða birtuna. Stærð verkanna á að geta leyft áhorfandanum að ganga inn í verkið, jafnvel láta verkið gleypa sig. Þetta er kortlagning mín á einhverjum tíma eða upplifun. Þetta er eins og ganga.

Ég vona að verk mín ljúgi ekki að neinum. Allt sem við sjáum og skynjum í náttúrunni er ferli sem á sér mest stað í höfðinu á hverjum og einum, því vil ég ekki kannast við neitt sem heitir togstreita á milli raunsæis og ímyndunarafls.

Það er skondið að mikill áhrifamaður á list mína er frekar þekktur sem grafiker en málari. Sá hét Hercules Segers og var hollenskur sautjándualdarmaður sem ég rakst fyrst á í bók þegar ég var um tólf ára gamall og hefur heillað mig æ síðan. Sagt er að hann hafi verið eftirlætislistamaður Rembrandts sem átti átta málverk eftir hann auk þess sem hann gerði tilraun til að betrumbæta eina af koparplötum hans. En í raun er ansi lítið vitað um þennan mann. Hann málaði landslag sem hann hafði aldrei séð sjálfur og það gætir í senn einhvers nútíma og ævintýraljóma í verkum hans. Um sjálfan mig get ég sagt, að ég hef sannarlega séð, þótt skil rannsóknar og hughrifa séu óljós.”

Eggert Pétursson (f. 1956) býr og starfar í Reykjavík. Eggert nam við Myndlista- og handíðaskólann og Jan van Eyck Academie í Maastricht í Hollandi. Eggert hefur sýnt í Nýlistasafninu í Reykjavík, Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum, Museum Fodor í Amsterdam, Gerðarsafni í Kópavogi og í Hafnarborg í Hafnarfirði. Árið 2016 var stór sýning á verkum hans í Listasafninu í Pori í Finnlandi sem spannaði feril hans allan frá barnæsku til dagsins í dag.

Eggert Pétursson: In his own words...

“I always had this space in mind when I was painting the works for this exhibition, all the way back to 2011. I had by then already completed a number of works based on the area around my summer cottage in Úthlíð and especially the surrounding lava fields. In fact, I made a solemn statement that I would stop working on the motif of these lava fields. I have pretty

much kept my promise and so I progressed further up the slopes of the mountain Bjarnarfell, where I found ravines and gullies that excited me. I explored the vegetation and noticed how each of these ravines had their own character. In the summer of 2011, I mapped out the ravines and succeeded in capturing the characteristics of colour, light and vegetation of each one. The works became six in total, two of which can be found in this exhibition, with the addition of one painting that can be interpreted as a return to the world of lava. This time it is not the lava from the fields around Úthlíd, but that of Herdísarvík, an area with a variety of ferns.

When my works have been reproduced in books, I have sometimes found that they will appear upside down. This made me think that maybe I could paint works that could hang any which way. The paintings from the ravines are in fact aerial images and one should not imagine anything as being up or down – on the back I indicate the cardinal points: north, south, east and west and the signature is circular, so in fact there is no single correct way to install the work or to approach it and experience it.

I am in fact creating the conditions for an artistic experience, without dictating. In the ravines, there is a steady flow down the hill, and through the paintings there is a flow of both water and light. The paintings can be seen from a distance as maps, even though the flowers are in fact actual size. I have really dissolved everything, and I am not always certain whether I am painting a stone, water, the flowers or the light. The mere size of the works should allow the viewer to walk into the work, even to be enveloped by it. What is presented is my mapping of a certain period and experience – a hike.

I hope my works do not lie to anyone. Everything we see and sense in nature spurs a process that mostly takes place in one's head. Therefore, I do not recognise anything that would be called a conflict between reality and imagination.

It may seem funny that a great influence on my own art is a man who was celebrated not as a painter but an artist who mostly worked in engravings. This is the seventeenth century Dutch artist Hercules Segers, who I first came across in a book when I was about twelve years old, and I have been fascinated by his work ever since. It is said that he was the favourite artist of Rembrandt, who owned eight paintings by him and attempted to refine one of his etching plates. But other than that quite little is known about the man himself. His works were of landscapes that he had never seen himself, and a certain sense of modernity and adventure can be found in them. As for myself, I have certainly seen, even though the divide between research and impression in my works is sometimes blurred."

Eggert Pétursson (b. 1956) lives and works in Reykjavik. He studied at the Icelandic College of Art and Crafts, Reykjavik, and the Jan van Eyck Academie, Maastricht. Eggert has exhibited at the Living Art Museum, Reykjavik, Reykjavik Art Museum – Kjarvalsstaðir, Museum Fodor, Amsterdam, Kópavogur Art Museum – Gerdarsafn, Hafnarborg – The Hafnarfjörður Center of Culture and Fine Art. Eggert received the second prize of the Carnegie Art Award 2006 (touring exhibition to Oslo, Stockholm, Helsinki, Reykjavik, Nice and Copenhagen). In 2016 the Pori Art Museum in Finland presented a major show of his works, encompassing his career from early childhood to the present day.